

sikkens

Rubbol Primer plus Olíugrunnur



Efnislýsing

Rubbol Primer plus er þurrefnaríkur, terpentínubýnnanlegur alkýð-grunnur, ætlaður sem grunnur eða millilag í viðgerðum innanhúss. Rubbol Primer plus hefur góða viðloðun við margs konar undirlag, er auðveldur í notkun, léttur í slípun og hylur vel.

Meðhöndlun

Raki í timbri ætti ekki að vera yfir 16% þegar málað er. Byrjið á að bera viðarvörn á rauðgreni (Red Norwegian pine). Rubbol Primer plus má nota í mismunandi kerfum sem grunnur eða millilag á nýjan við og áður málað undirlag.

Nýmálun á við

- Grunnið með Rubbol Primer plus
- Leyfið yfirborðinu að þorna í 24 klst. Slípið og rykhreinsið.
- Fyllið í samskeyti og lagið yfirborðsgalla. Slípið flötinn sléttan og rykhreinsið þegar hann er þornaður.
- Málið yfir með tveimur umferðum af viðeigandi olíulakki, t.d. Rubbol Finura Satin eða Rubbol Azura plus.

Viðhald

- Þvoið áður málaða fleti með vatni og ammoníaki og skolið vel. Fjarlægjið eða slípið eldri málningarlög.
- Hreinsið með rauðspritti eða acetón. Notið nýjar/hreinar tuskur og skiptið oft um. Slípið flötinn og hreinsið vandlega burt allt ryk þegar yfirborðið hefur þornað.
- Grunnið bera fleti með Rubbol Primer plus.
- Leyfið yfirborðinu að þorna í 24 klst. Slípið matt og rykhreinsið.
- Fyllið í samskeyti og lagið yfirborðsgalla. Slípið flötinn sléttan og rykhreinsið þegar hann er þornaður.
- Málið yfir með tveimur umferðum af viðeigandi olíulakki, t.d. Rubbol Finura Satin eða Rubbol Azura plus.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósin vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleyfum í niðurföll. Skilið efnaleyfum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Alkýð

Gljástig: Matt um 20 GU/60° (ISO 2813)

Hiti við málun: 5-30°C

Rakastig: Mest 80%

Þurrefni: Um 70-80% af vigt og 60-66% af rúmmáli

Þéttleiki: 1,35-1,40 kg/dm³

Seigja: Um 0,35-0,45 Pa.s við 23°C

Ráðlögð þykkt við 20°C/65% raka:

Þurr: 35-45 míkrón

Blaut: 60-70 míkrón

Þornun við 23°C/50% raka:

Rykfrítt: Um 1 klst.

Snertþurr: Um 2-3 klst.

Yfirmálun: Um 16-24 klst.

Verkfæri: Penslar, rúllur

Þekja: Um 12 fermetrar pr. lítra (um 10% minni nýting með pensli en þekja fer mikið eftir málunaraðferð og undirlagi)

Litur: Hvítur

Pakkningar: 1 og 2,5 lítra dósir

Geymsluþol: Minnst 24 mánuðir í lokuðum ílátum

Hreinsun: Terpentína

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/d) 300 g/l (2010). Inniheldur mest 300 g/l.